

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 584. júní 1981, um lagmetisiðnað og
Próunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er stjórn sjóðsins að leggja fram úr Próunarsjóði lagmetisiðnaðarins hlutafé vegna stofnunar nýrra framleiðslu- eða markaðsfyrirtækja á sviði lagmetis eða taka þátt í hlutfjárukningu í starfandi fyrirtækjum í lagmetisiðnaði í því skyni að auka vöruþróun, framleiðni eða markaðsstarfsemi þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 625. september 1986,
um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna-
og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Fyrirsögn laganna breytist þannig: Á milli orðanna „húsameistara“ og „húsgagna- og innanhússhönnuði“ komi orðið: landslagshönnuði.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi tvær nýjar greinar sem verði 12. og 13. gr. og greinatala laganna breytist því til samræmis. Greinarnar orðist svo:

a. (12. gr.)

Rétt til að kalla sig landslagshönnuði (landskabs-arkitekt) hafa þeir einir hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

b. (13. gr.)

Engum má veita leyfi það sem um getur í 12. gr. nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í landslagshönnun frá háskóla, sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan í þeirri grein, að fenginni umsögn stéttarfélags landslagshönnuða hér á landi.

Þeir einir, sem fullnægja skilyrðum þeim sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig landslagshönnuði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

23. maí 1989

Nr. 45

L Ö G

um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti: Prentsmiðjan Gutenberg hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

- a. að leggja ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, þ.e prentsmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgiferð hennar, til hins nýja hlutafélags,
- b. að láta fara fram mat á eignum ríkisprentsmiðjunnar til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Við stofnun eru öll hlutabréf í hlutafélaginu eign ríkissjóðs.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að vinna prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og ríkisstofnanir. Félagið annast einnig almennt prentverk, svo og skylda starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 28/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, á því ekki við um þá starfsmenn.